



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 8. apríl 2025

USK25010311

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurnýjun íbúakorta Bílastæðasjóðs

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulag endurnýjunar íbúakorta Bílastæðasjóðs. Æskilegt er að slík endurnýjun gangi greiðlega fyrir sig og hafi sem minnsta fyrirhöfn í för með sér fyrir íbúa.

Er rétt að íbúar þurfi árlega að leggja fram nýja umsókn um íbúakort þótt hvorki sé skipt um bíl né heimilisfang og allar upplýsingar liggi fyrir?

Hversu langan tíma tekur að afgreiða umsókn um íbúakort þegar sótt er um endurnýjun íbúakorts og allar upplýsingar liggja fyrir?

Er hægt að koma því við að Bílastæðasjóður staðfesti móttöku netumsókna um íbúakort?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 5. febrúar 2025.

Svar:

Íbúakort eru gefin út í eitt ár í senn í samræmi við 7. gr. reglna um íbúakort sem samþykktar voru í skipulags- og samgönguráði þann 10. mars 2021 og í borgarráði þann 18. mars 2021.

Nýlega var nýtt íbúakortakerfi tekið í notkun en það hefur stýtt verulega þann tíma sem líður frá því að umsókn sé skilað inn og þar til hún er samþykkt. Með innleiðingu kerfisins ætti þetta ferli að taka örfáa daga.

Kerfið er sett upp þannig í dag að tölvupóstur sendist sjálfkrafa til þeirra sem sækja um íbúakort þar sem kemur fram að umsóknin hafi verið móttokin.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík